BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. 16.3.2023

Gildi-lífeyrissjóður leggur fram eftirfarandi bókun sem sjóðurinn mun gera grein fyrir á fundinum ásamt því að óskað er eftir að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

Dagskrárliður 6 – Breytingar á samþykktum félagsins

Gildi-lífeyrissjóður telur eðlilegt að ekki sé gengið lengra en rökstudd þörf er á hverju sinni við breytingar á tilgangsákvæðum í samþykktum félaga.

Að mati Gildis gengur tillaga stjórnar um breytingar á tilgangi félagsins umtalsvert lengra en efni standa til. Opnar tillagan á algera umbreytingu félagsins með mjög víðtækum hætti. Fram kemur í rökstuðningi stjórnar að til skoðunar séu ýmsir möguleikar á að breyta samstæðu félagsins, svo sem að tryggingastarfsemi þess, núverandi grunnstarfsemi félagsins, verði færð í dótturfélag. Í rökstuðningi með tillögu stjórnar er jafnframt vísað til undirritunar viljayfirlýsingar um kaup félagsins á öllu hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf. og að eitt af því sem liggi fyrir í samningaviðræðunum sé hvernig framtíðarskipulagi samstæðu verði best hagað. Án þess að Gildi hafi myndað sér skoðun á þeim samningaviðræðum, enda liggja forsendur ekki fyrir að svo stöddu, þá telur sjóðurinn að betur færi á því að stjórn félagsins fullmóti hugmyndir sínar að framtíðarskipulagi og beri slíkar hugmyndir undir hluthafa félagsins þegar þær liggja fyrir.

Þá bendir Gildi enn fremur á að þær hugmyndir sem stjórn félagsins hefur viðrað, að tryggingastarfsemin verði færð í dótturfélag, sé óhjákvæmilega þess eðlis að dótturfélagið þyrfti að afla starfsleyfis hjá Fjármálaeftirlitinu svo unnt væri að færa vátryggingastofninn til dótturfélagsins. Því sé nægur tími til að bera slíka breytingu undir samþykki hluthafa á meðan félagið vinnur að undirbúningi slíks verkefnis, ef það verður sú framtíðarskipan sem stjórn félagsins hyggst leggja til við hluthafa.

Með hliðsjón af framangreindu kýs Gildi-lífeyrissjóður gegn tillögu stjórnar um breytingu á tilgangsákvæði samþykkta félagsins.

13. mars 2023
Gildi-lífeyrissjóður